

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

11. mars 2002
ÓHP/SH

Varðar frumvarp til breytingar á umferðarlögum – 140. mál, hægri beygja á rauðu umferðarljósi

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar um þetta efni frá 22. febrúar 2002.

Skipunartími Umferðarráðs rann út þann 1. mars s.l. Undirritaður ákvað því að senda þeim fulltrúum sem sátu í fyrrverandi Umferðarráði erindi þetta til umsagnar og varð niðurstaðan sú að mæla eindregið gegn þeirri breytingu sem hér er lögð til. Tekið skal fram að fulltrúi Bilgreinasambandsins lýsti þeirri skoðun sinni að samþykkja ætti frumvarpið.

Eftirfarandi rök studdist Umferðarráð við í umsögn sinni:

Enda þótt víða í Bandaríkjunum og Kanada sé heimilt að beygja til hægri á rauðu ljósi hefur það, eftir því sem best er vitað, hvergi verið leyft í Evrópu.

Í Norðurlandaráði var árið 1993 lögð fram þingmannatillaga (A 1032/m) þessa efnis og hlaut hún ekki hlómgrunn eftir að áhrif á slysatíðni í Bandaríkjunum höfðu verið skoðuð.

Í samanburði á slysum í borgum í Kanada þar sem hægri beygja var leyfð á rauðu ljósi annars vegar og í Montreal, þar sem tillaga þess efnis að leyfa hana hefur komið fram kemur í ljós að 4,9 af hverjum þúsund íbúum slasast eða látast í slysum í Montreal, en frá 7,5 til 9,5 í Edmonton, Toronto og Vancouver þar sem hægri beygja er leyfð.

Samkvæmt niðurstöðum þýskrar tölfræðilegrar úttektar á slysum á rauðu ljósi í fjórum ríkjum í Bandaríkjunum, kemur í ljós að slysum á gangandi vegfarendum fjölgar um 54% og á hjólreiðamönnum um 91% við að leyfa hægri beygju á rauðu ljósi.

Í niðurstöðum úttektar, sem birt er í Trafíkksikkerhedshåndbok, (Elvik, Mysen og Vaa, Oslo, 1997), á því hvaða einstakar breytingar á fyrirkomulagi umferðar á ljósastýrðum gatnamótum hafi á slysatíðni, kemur fram að meðal þess sem leiðir til fjölgunar slysa er að leyfa hægri beygju á rauðu ljósi.

Niðurstöðurnar byggðust á rannsóknum á slysum á gatnamótum, þar sem hægri beygja er leyfð gegn rauðu ljósi, og leiddu eftirtalið í ljós:

Eignatjónsöhhöpp	Slys í hægri beygju	+60% (+50; +70)
Slys með meiðslum	Slys í hægri beygju	+10% (+ 9; +11)


Samkvæmt framanskráðu eru því meginröksemdir Umferðarráðs gegn því að leyft verði að beygja til hægri á móti rauðu ljósi, eftirtaldar:

- ❖ líklegt má telja að virðing ökumanna fyrir umferðarljósum minnki, sem telja verður mjög óæskilega þróun,
- ❖ margir ökumenn virða ekki stöðvunarskyldu í dag. Því miður má ætla að sama verði uppi á teningnum gagnvart biðskyldu við hægri beygju gegn rauðu ljósi,
- ❖ slyshætta eykst tvímælalaust, ekki síst hjá óvörðum vegfarendum (gangandi fólki og hjólreiðamönnum). Ökumenn sem bíða á gatnamótum eru uppteknir af að fylgjast með umferð bíla og veita þeim óvörðu ekki nauðsynlega athygli,
- ❖ þar sem ekki er beygjurein til að taka hægri beygju eru aðstæður yfirleitt þröngar og erfitt fyrir ökumenn að fylgjast með aðvífandi umferð frá hægri,
- ❖ tiltölulega fátítt er að sérstök akrein sé við umferðarljós, eingöngu fyrir þá sem ætla að beygja til hægri. Því má ætla að fljótlega kæmi upp krafa um sérstaka akrein fyrir vinstri beygju þannig að þeir sem ætla að beygja til hægri geti ekið óhindrað að umferðarljósunum til þess að fara í hægri beygju. Peningum sem færu í slíkar aðgerðir væri betur varið í að gera sérstakar beygjureinar til hægri, fram hjá umferðarljósum, eins og nú tíðkast víða.

Umferðarráð telur því mun vænlegra, þar sem nægt landrými er fyrir hendi, að veghaldarar komi fyrir beygjureinum til hægri, fram hjá umferðarljósum. Það fyrirkomulag hefur gefist vel og með því að fjölga slíkum beygjureinum er ástæðulaust að taka þá áhættu sem vissulega er fyrir hendi með þeim breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Þessi niðurstaða Umferðarráðs tilkynnist hér með.

f.h. Umferðarráðs



Óli H. Þórðarson
framkvæmdastjóri